# Framþróun á Þingeyri

Hvað getum við gert sem samfélag til eflingar atvinnulífs?

Íbúafundur 26.ágúst 2025 kl 17:00-18:30 í Félagsheimilinu á Þingeyri

**Dagskrá:**

- Inngangur með yfirliti frá Byggðastofnun og Hvetjanda (Sigríður Júlía Brynleifsdóttir)
- Erindi verkefnisstjóra hjá Vestfjarðastofu (Anna Sigríður Ólafsdóttir og Aðalsteinn Óskarsson)
- Umræður og hugarflug

# Byggðastofnun

- Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu
- Í samræmi við hlutverk stofnunarinnar veitir hún lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni meðal annars að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða að lífvænlegar byggðir fari í eyði.
- Byggðastofnun heyrir undir innviðaráðuneytið og innviðaráðherra skipar sjö manns í stjórn stofnunarinnar til eins árs í senn og sjö til vara
- https://www.byggdastofnun.is

# Aflamark Byggðastofnunar

BYGGÐASTOFNUN

Lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 & Reglugerðir nr. 643/2016 og 1256/2024

**Val byggðarlaga**

- Byggðarlag sé í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.
- Íbúar byggðarlags séu færri en 450.
- Íbúaþróun hafi verið undir landsmeðaltali síðastliðin 10 ár.
- Akstursfjarlægð frá byggðarlagi til byggðakjarna sem telur meira en 1.000 íbúa sé a.m.k. 20 km.
- Byggðakjarninn tilheyri vinnusóknarsvæði sem telur færri en 10.000 íbúa.
- Störf við veiðar og vinnslu séu eða hafi verið verulegur hluti starfa í byggðarlaginu sl. 10 ár.
- Að aflamark Byggðastofnunar skipti verulegu máli fyrir framtíð byggðarlagsins að mati stjórnar Byggðastofnunar.



# Aflamark Byggðastofnunar

BYGGÐASTOFNUN

Lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 & Reglugerðir nr. 643/2016 og 1256/2024

- **Val samningsaðila**
- Trúverðug áformum um útgerð, vinnslu sjávarafurða eða aðra starfsemi.
- Fjöldi heilsárssstarfa fyrir karla og konur sem skapast eða verður viðhaldið.
- Sem best nýting þeirra aflaheimilda sem fyrir eru í byggðarlaginu.
- Öflug starfsemi til lengri tíma sem dregur sem mest úr óvissu um framtíðina.
- Jákvæð áhrif á atvinnulíf og samfélag.
- Traust rekstrarsaga forsvarsmanna umsækjenda.



# Aflamark Byggðastofnunar

## Núverandi samningar – allt að 5.000 tonn




BYGGÐASTOFNUN

# Aflamark Byggðastofnunar

- Samningar til allt að sex ára stuðla að fyrirsjáanleika sem er forsenda uppbyggingar
- Samningarnir viðhéldu/sköpuðu 416 ársverk/störf í mörgum af viðkvæmustu byggðalögum á Íslandi á seinasta fiskveiðiári
- Störf sem mörg hver hefðu ella aflagst með viðeigandi neikvæðum byggðaáhrifum á þessum stöðum
- Samningsaðilar segja þetta aflamark forsendu þess að halda úti rekstri í þessum byggðalögum
- Ríkisendurskoðun hefur metið umsýslu stofnunarinnar góða



# Aflamarkssamningur á Þingeyri til sex ára (2024-2030) um nýtingu á allt að 500 þorskígildstonna

BYGGÐASTOFNUN

Aðilar að samningi þessum eru:

- Byggðastofnun, kt. 450679-0389, Sauðármýri 2, 550 Sauðárkróki
- Íslenskt sjávarfang ehf., kt. 520701-2140, Bakkabraut 2, 200 Kópavogur
- Frosti ehf., kt. 440973-0279, Ægissíðu 25, 610 Grenivík
- SE ehf., kt.530208-0600, Hlíðargötu 37, 470 Þingeyri
- Elías Már Helgason, kt.260687-3799, Fjarðargötu 60a, 470 Þingeyri
- Helgi Guðjón Jóhannesson, kt.211151-7819, Fjarðargötu 60a, 470 Þingeyri
- Háseyla ehf., kt. 680223-1490, Fjarðargötu 60a, 470 Þingeyri
- VP lagnir ehf., kt.681217-0450, Mið Hvammi, 471 Þingeyri
- Kuldaklettur ehf. , kt. 531014-0730, Fjarðargötu 45, 470 Þingeyri
- Hulda ÍS-40 ehf., kt. 590402-3620, Hafnarstræti 2a, 470 Þingeyri
- ÍS-54 ehf., kt. 580423-1400, Hrunastíg 2, 470 Þingeyri
- Ausudalur ehf., 681021-1320, Neðsta-Hvammi 1, 471 Þingeyri



Frá undirritun á Þingeyri október 2024

# Lánaflokkar Byggðastofnunar

BYGGÐASTOFNUN

**Almenn lán**

- 5,5% verðtryggt
- 4% álag á REIBOR
- 4,5% álag á SOFR í USD og €STR í EUR
- Lánstími allt að 20 ár
- Tryggingar: Allt að 75% í fasteign, 50% í vélum og tækjum og 60% skip með kvóta.

**Landbúnaður**

- 4,5% verðtryggt
- 2,5% álag á REIBOR
- Lánstími allt að 25 ár
- Á jörð verður að vera búskapur og föst búseta
- Tryggingar: Allt að 75% í fasteign/jörð og 50% í vélum og tækjum

**Lán til nýliðunar í landbúnaður – Invest EU**

- 4,5% verðtryggt
- 2,5% álag á REIBOR
- Tryggingar: Allt að 90% í fasteign/jörð
- Lánstími allt að 25 ár
- Möguleiki á eingöngu vaxtagreiðslum í allt að 3 ár

**Atvinnurekstur kvenna – Invest EU**

- 4,8% verðtryggt
- 2,5% álag á REIBOR
- Lánstími allt að 10 ár
- Að lágmarki 75% félagsins í eigu kvenna og undir stjórn þeirra
- Lánsupphæðir
  - Allt að 5m.kr. án tegginga
  - Allt að 10 m.kr. með tryggingum

# Lánaflokkar Byggðastofnunar

BYGGÐASTOFNUN

**Lán til viðkvæmra byggðarlaga – Invest EU**

- Allt að 75% veðsetning í skipum með kvóta
  - 4,8% verðtryggt 3,5% álag á REIBOR / 4,0% álag á €STR í EUR
  - Lánstími allt að 15 ár.
- Allt að 90% veðsetning í fasteignum, lóðum eða jörðum
  - 4,5% verðtryggt / 2,5% álag á REIBOR / 4,0% álag á €STR í EUR
  - Lánstími allt að 25 ár.
- Allt að 75% veðsetning í vélum og tækjum
  - 5,5% verðtryggt / 4,0% álag á REIBOR / 4,5% álag á €STR í EUR
  - Lánstími allt að 10 ár

Græn lán – Invest EU

- 4,8% verðtryggt
- 2,5% álag á REIBOR
- Lánstími allt að 25 ár
- Möguleiki á eingöngu vaxtagreiðslum í allt að 3 ár
- Tryggingar: Allt að 90% í fasteign og 75% í vélum og tækjum

**Nýsköpunarlán – Invest EU**

- Ræsing: 4,8% verðtryggt / 3,5% álag á REIBOR
- Uppskölun: 4,5% verðtryggt / 3,0% álaga á REIBOR
- Markaðssetning: 4,0% álag á REIBOR

# Hlutafjáreign Byggðastofnunar

BYGGÐASTOFNUN

- **Eignarhaldsfélög – átthagafjárfestar**
  - Fjárfesta í fyrirtækjum í heimabyggð
  - Að stærstum hluta í eigu heimamanna
  - Stjórnað af heimamönnum
    - Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf. (19%)
    - Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. (40%)
    - Hvetjandi hf. – Vestfirðir (40%)
    - Ámundakinn ehf (23%) – Norðurland vestra
    - Fjárfestingafélagið Vör (40%) – Austurland
    - Fjárfestingafélagið Hvammur (29%) - Vesturland
    - Fjárfestingafélag Þingeyjasveitar (40%) – Norðurland eystra
  - Umsóknir berist til félaganna sjálfra

- **Rekstrarfélög**
  - Þörungaverksmiðjan hf. - Reykhólar
  - Molta ehf. - Eyjafjörður
  - Fjallalamb hf. - Kópasker

- Allt hlutafé í eigu stofnunarinnar alltaf til sölu
- https://www.byggdastofnun.is/is/eignir-til-solu/hlutafe



# Byggðaáætlun - A. Jafna aðgengi að þjónustu

BYGGÐASTOFNUN

- **A.6. Aðgengi að sérfræðiþjónustu á heilbrigðissviði**

- Í samræmi við greiningu starfshóps heilbrigðisráðherra er lagt til að eftirfarandi námsgreinar verði lagðar til grundvallar við beitingu ívilnanaheimilda laganna; geislafræði, hjúkrunarfræði, lífeindafræði, ljósmóðurfræði, læknisfræði, sálfræði, sjúkraliðanám, sjúkraþjálfun, talmeinafræði og tannlæknisfræði

- Ívilnanir fela í sér árlega 20% lækkun á höfuðstóli námsláns, þó með krónutöluþaki á hvern lánþega sem uppfyllir skilyrðin (500 þús.)

- Starfshlutfall að lágmarki 50% og ráðning standi a.m.k. í tvö ár
- Viðkomandi þarf að vera búsettur á þjónustusvæði viðkomandi starfsstöðvar

- **Allar starfsstöðvar á Vestfjörðum falla undir skilgreiningu Byggðastofnunar**

  - Umsókn frá svæðinu
  - Unnið er að upplýsingaöflun á vegum HRN um mönnun allra starfsstöðva heilbrigðisstofnana
  - Skýrsla Byggðastofnunar og Sambands ísl. sveitarfélaga um leið og þær upplýsingar liggja fyrir
  - MNH auglýsir í framhaldinu
  - Afgreiðsla umsókna
  - Fjármögnun






# Byggðaáætlun - A. Jafna aðgengi að þjónustu

- **A.9. Verslun í dreifbýli**

- **Markmið**
  - Styðja við rekstur dagvöruverslunar í minni byggðarlögum til að viðhalda mikilvægri grunnþjónustu.
  - Samtals úthlutað 119,3 m.kr.

**Styrkhæfir aðilar**
Dagvöruverslanir á fámennum markaðssvæðum fjarri stærri byggðarkjörnum



# Byggðaáætlun - B. Jafna tækifæri til atvinnu

BYGGÐASTOFNUN

## B.7. Óstaðbundin störf

- Ríkisstofnanir á höfuðborgarsvæðinu geta sótt um styrk vegna starfa utan hb.svæðisins eða starfa sem hafa verið færð frá hbsv. frá og með 1. nóv. 2024
- Veita má styrki til þriggja ára
- Hámarksstuðningur við hvert starf allt að tvær m.kr. á ári.
  - Ferðakostnaður og leiga á aðstöðu í vinnustaðaklösum
- Fjármagn 150 m.kr.

- Stutt verður við uppbyggingu vinnustaðaklasa
- Fjármagn 140 m.kr.

**Tíu störf til:**

- Neskaupstaðar (3)
- Húsavíkur
- Hvammstanga
- Suðurnesjabæjar
- Akraness
- Stykkishólms
- Ísafjarðar
- Akureyrar
- Samtals búið að ráðstafa 28 m.kr.
- 
- Alltaf opið fyrir umsóknir - ein umsókn í vinnslu

# Byggðaáætlun - C. Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt

## C.2. Brothættar byggðir

**Núverandi þátttökubyggðarlög**
- Dalabyggð – DalaAuður, 2022-2026
- Stöðvarfjörður – Sterkur Stöðvarfjörður, 2022-2026
- Reykhólahreppur – Fjársjóður, fjalla og fjarða, 2025-2030
- Kaldrananeshreppur, 2025-2030

- **Fjármagn 120 m.kr. á ári**
- Launakostnaður verkefnisstjóra
- Frumkvæðisstyrkir

- Bb2 Raufarhöfn 2025-2027 – tilraunaverkefni
- Bb2 Öxarfjarðarhérað 2025-2027 – tilraunaverkefni

## Þingeyri 2018-2022

- Verkefnisstjóri í 50% starfi fimm ár
- Frumkvæðissjóður
  - 88 verkefni
  - 44 m.kr.





BYGGÐASTOFNUN

# C.13. Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála

BYGGÐASTOFNUN






# Hvetjandi

- Félagið var stofnað 2004 í framhaldi af þingályktun um byggðamál sem heimilaði Byggðastofnun og fara í slík verkefni á landsvísu, Byggðastofnun er stærsti hluthafinn
- Ísafjarðarbær er næst stærsti hluthafinn í Eignarhaldsfélaginu Hvetjanda
- Önnur sveitarfélög eiga einnig smærri eignarhluti í félaginu
- Þá hafa samfélagslega þenkjandi einkaaðilar verið eigendur í félaginu líka

# Tilgangur Hvetjanda

- Félagið var stofnað til að styrkja atvinnulíf og styðja við atvinnuþróun á Vestfjörðum.

- Hvetjandi tekur þátt í stofnun og starfsemi félaga sem rekin eru á grundvelli arðsemissjónarmiða, fela í sér nýmæli í atvinnulífi og eða eru mikilvægur þáttur í uppbyggingu atvinnulífs á Vestfjörðum.

- Nánari upplýsingar: www.hvetjandi.is

# Þingeyri og Hvetjandi

- Hægt er að nýta sér Hvetjanda til þess að styðja við áhugaverð verkefni á Þingeyri

- Hvetjandi er fjárfestingafélag sem getur tekið á móti fjárfestingabeiðnum í nýsköpunar og sprotaverkefnum sem ætlað er að hafa jákvæð áhrif og atvinulíf og atvinnustarfsemi á Þingeyri

- Hvetjandi hefur m.a. fjárfest í: Vesturferðum, Fisherman, Hótel Ísafirði, Örnu, Snerpu, Símaverinu, Ístækni, Skúrin, Virknihús, Icelandic Sea angling ofl.

# Samningar við landshlutasamtökin um atvinnuráðgjöf og atvinnu- og byggðaþróunarverkefni

- **Markmið**
- Skapa grundvöll fyrir samstarfi í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum með áherslu á búsetuskilyrði, samkeppnishæfni, nýsköpun og atvinnuþróunarstarf

| | |
|---|---|
| **Vestfjarðastofa** | 41.406.960 |
| **Norðurland eystra (SSNE)** | 38.302.838 |
| **Austurbrú** | 35.034.671 |
| **Suðurland (SASS)** | 34.727.277 |
| **Vesturland (SSV)** | 32.740.121 |
| **Norðurland vestra (SSNV)** | 32.684.439 |
| **Suðurnes (SSS)** | 25.403.694 |
| **Samtals** | **240.300.000** |



# Öll vötn til Dýrafjarðar – 2018-2022

Í upphafi verkefnis árið 2018 var haldið íbúaþing þar sem íbúar voru kallaðir saman í tveggja daga vinnubúðir. Þá mátu íbúar styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri. Þá voru meginmarkmið verkefnisins dregin fram

Nánar, skýrslur og ýmislegt hér:

[https://www.vestfirdir.is/is/moya/extras/verkefni/oll-votn-til-dyrafjardar](https://www.vestfirdir.is/is/moya/extras/verkefni/oll-votn-til-dyrafjardar)

## Meginmarkmið

- Fjölskylduvænt samfélag
- Skapandi samfélag
- Umhverfisvæn útivistarparadís
- Framúrskarandi útvörður Ísafjarðarbæjar

## Styrkleikar

- Miðsvæðis á Vestfjörðum
- Náttúran mikið aðdráttarafl
- Fjölbreytt grunnþjónusta
- Gott umhverfi fyrir leikskóla og skóla
- Góð hafnaraðstaða
- Fjölbreytt flóra frumkvöðla og einyrkja
- Virkt félags- og menningarlíf
- Einstakt mannlíf og rólegur taktur í samfélaginu

## Veikleikar

- Aldursamsetning íbúanna
- Samgöngur innan og u [No Title fjórðungs
- Almenningssamgöngur
- Flugsamgöngur
- Félagslíf fyrir ungt fólk
- Einhæft atvinnulíf
- Samgöngur – vetraþjónusta
- Skortur á staðbundnu atvinnulífi

## Ógnanir

- Ný Dýrafjarðargöng
- Samgöngur
- Hversu atvinnulífið er háð utanaðmokandi ákvörðunum fyrirtækja og yfirvalda
- Skortur á samfélagsábyrgð í tengslum við nýtingu byggðakvóta
- Skortur á sveigjanleika regluverks fyrir smærri byggðalög

## Tækifæri

- Virkja íbúana til að nýta sér íbúasamtökin betur
- Tenging við alþjóðlegt umhverfi
- Blábankinn
- Auðugt láglendissvæði
- Dýrafjörður er hentugt landbúnaðarsvæði
- Ný Dýrafjarðargöng

# Í lok fundar voru umræður, hér eru nokkrir punktar sem komu fram

- Það er margt í gangi á Þingeyri t.d. var nýlega opnuð bónstöð og hárgreiðslustofa, Kex er komið með hótelið (Sandafell), gistiheimili á staðnum gengur vel, matur fyrir skemmtiferðaskipafarþega í félagsheimilinu (eykst ár frá ári) og margt fleira
- Það vantar húsnæði fyrir fólk sem vill sinna atvinnu, mörg hús standa tóm en eru ekki til leigu
- Gengur illa að ná sambandi við Ísafjarðarbæ varðandi framkvæmdir
- Fram kom í máli íbúa að þau væru  ekki að nota þau tækifæri sem felist í aðstoð eins og t.d. atvinnuráðgjöf hjá Vestfjarðastofu
- Tækifæri felst í að setja á stofn sjoppu/dagvöruverslun og sækja um styrk til Byggðastofnunar til reksturs, Þingeyri „tikkar“ í öll box þar
- Gott væri ef Vestfjarðastofa kæmi reglulega í Blábankann með vinnudag
- Starfsfólk á umhverfis- og eignasviði Ísafjarðarbæjar áformar að vera með vinnudag í Blábankanum í haust (sept/okt)
- Betri samgöngur (Dýrafjarðargöng, Dynjandisheiði og þveranir) er tækifæri fyrir Þingeyri
- Rætt um almenningssalerni eftir að sjoppan lokaði, þarf að bæta sérstaklega með tilkomu fjölmargra ferðamanna af skemmtiferðaskipum
- Spurt út í Gramsbúð - hvar uppbygging á því húsi er statt
- Bent á að tækifæri væri í betri nýtingu á Pakkhúslofti (sambærilegt og Söguloftið í Landnámssetrinu í Borgarnesi) vantar að setja brunastiga utan á húsið – einn íbúi sagði að hann sé til - vanti bara að setja upp
- Listi yfir fyrirtæki í Ísafjarðarbæ á Facebook síðunni „Jákvætt í Ísafjarðarbæ“ - umræður um hver haldi utan um listann og hvernig eigi að bæta inn á hann
- Spurt út í byggðakvóta - rætt um að hafa fund fljótlega í haust vegna þess, sambærilegur fundur og haldinn var í febrúar sl þar sem útgerðarfólk og aðilar frá vinnslunum myndu eiga samtal við bæinn
- Bæjarstjóri greindi frá tveimur nýjum störfum á Þingeyri, annarsvegar starfsmaður áhaldahúss með aðsetur á Þingeyri og hins vegar húsvörður í hlutastarfi fyrir stofnanir bæjarins í byggðarlaginu – bæði störfin raungerast núna í haust

Samtals sátu 29 manns í salnum (að meðtöldum bæjarstjóra og fulltrúm Vestfjarðastofu).

Eftir að fundi var slitið komu nokkrir aðilar að máli við fulltrúa Vestfjarðastofu og óskuðu eftir ráðgjöf, það er jákvætt og það þýðir að tilgangi fundarins er náð.